

## Fundargerð Háskólaráðs 2. september 2014

### Staðsetning: Guðmundarstofa, kl. 16.00

**Mættir:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektror, Þorvaldur Jónsson fjármálastjóri, Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara, Ólafur Ísleifsson gæðastjóri, Sigrún Lilja Einarisdóttir fulltrúi kennara, Guðjón Freyr Gunnarsson fulltrúi nemenda og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Andrea Valgeirsdóttir fulltrúi nemenda, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Sigtryggur Arnþórsson fulltrúi nemenda og Þórunn Unnur Birgisdóttir fulltrúi nemenda.

Áður en gengið var til dagskrár býður rektor Sigrúnu Jónsdóttur, kennslustjóra velkomna til starfa.

#### 1. Fundargerðir funda tveggja síðustu funda

- a. Fundargerð 152 fundar, 10. júní 2014 samþykkt
- b. Fundargerð 153 fundar, 22. ágúst 2014 samþykkt

#### 2. Endurnýjun háskólaráðs

Seturétt í háskólaráði eiga, rektor, aðstoðarrektror og kennslustjóri samkvæmt 5. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst. Þrjú fulltrúar kennara hafa verið endurkjörnir ásamt varamönnum. Nýir fulltrúar nemenda verða valdir innan skamms og mun Guðjón gæta þess að jafnframt verði valdir varafulltrúar fyrir nemendur. Ljóst er að kjósa þarf nýjan fulltrúa annarra starfsmanna en kennara ásamt varafulltrúa. Haldinn verður starfsmannafundur í september þar sem þessir fulltrúar starfsmanna verða kjörnir.

#### 3. Rekstrartölur 2014

Fjármálastjóri fór yfir stöðuna janúar – júlí 2014, borið saman við áætlun. Ríkisframlag er samkvæmt áætlun, en er mun lægra á þessu ári en var á því síðasta. Skólagjöld eru á áætlun, en símenntun er aðeins lægri en áætlun, einkum vegna þess að námskeið sem fyrirhugað var á vormisseri, Sterkari stjórnarsýsla var ekki kennt. Rannsóknartekjur eru hærrí m.a. vegna tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í norðvesturkjördæmi og að rannsóknarstofnanir hafa verið að skila til baka greiðslum vegna launa. Kaffihúsið er töluvert undir áætlun, en vonir standa til að ekki verði tap eftir sumarið. Vonir standa til að ágúst komi vel út í Kaffihúsinu. Aðrar tekjur eru t.d. sýning atvinnulífsins. Tekjulega er útkoman nokkurn veginn samkvæmt áætlun. Launakostnaður er umfram áætlun, skýrist m.a. með hærri launakostnaði hjá sjálfseignastofnunum, en líka t.d. í fasteignarekstrinum. Húsnæðiskostnaður er nokkurn veginn á áætlun og sömuleiðis annar rekstrarkostnaður. Kynningaráætlun er nokkuð yfir áætlun, einkum vegna nýrrar heimasíðu. Annar rekstrarkostnaður er

einnig hærri, þar er t.d. kostnaður vegna símenntunarmiðstöðva. Útkoman samkvæmt yfirlitinu er neikvæð.

#### 4. Aðsóknartölur haustið 2014

Kennslustjóri kynnir aðsóknartölur, 202 nemendur hefja nám í haust í háskóladeildum skólans. Góð aðsókn er í Háskólagátt, 121 innritaðir. Fjöldi nýnema í grunnám er undir væntingum, en ágæt útkoma í meistaranámið. Skoða þarf hve margir sem eru að hefja grunnám eru að koma úr Háskólagátt. Fleiri hafa dottið út úr umsóknaferlinu en væntingar stóðu til.

#### 5. Gæðamál

Gæðastjóri kynnir að vinna í aðdraganda gæðaúttektar, standi nú sem hæst. Verið er að rita sjálfsmatsskýrslu fyrir skólann og er hún nú í yfirlestri hjá framkvæmdastjórn, þannig að sem flestir hafi haft tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri. Markmiðið er að sýna fram á að skólinn hafi yfir verkferlum að ráða sem tryggi gæði námsins og þeir aðilar sem meti skólann treysti því að svo verði framvegi. Í annan stað eiga fagsviðin þrjú að leggja fram sjálfsmatsskýrslur. Þörf er á að herða á þeirri vinnu og gæðastjóri hefur boðað til fundar með sviðsstjórum og því fólki sem hefur verið sett til verka við gerð þessara skýrslna. Skýrslurnar eiga að vera tilbúnar 1. desember nk. Viðmiðið er að öll gögn vegna úttektarinnar verði tilbúin um áramót frá hendi skólans. Bent á að úttektin er gríðarlega mikið tækifæri fyrir skólann, hægt er að draga fram styrkleika skólans jafnframt því að líta í eigin barm um hvar bæta megi úr. Þetta viðfangsefni verður viðvarandi og lýkur ekki með úttektinni sem fer fram í mars 2015.

#### 6. Stefnumótunarfundur 12. september nk. í Reykholti

Rektor kynnir verklagið á fundinum, allir þátttakendur geta komið með innlegg. Háskólaráð er boðið velkomið á stefnumótunarfundinn.

#### 7. Hópur um gerð gæðastefnu og kennslustefnu

Aðstoðarrektor bendir á á að það vanti bæði gæðastefnu og kennslustefnu, en þessa er getið í samningi við menntamálaráðuneytið frá 2012.

Aðstoðarrektor er falið að finna tvo 2 aðila með sér í hóp um kennslustefnu sem skili drögum fyrir næsta fund ráðsins.

Gæðastjóra er falið að finna tvo aðila með sér í hóp um gæðastefnu sem skili drögum fyrir næsta fund ráðsins.

#### 8. Náms og þjónustustefna

Aðstoðarrektor kynnir náms- og þjónustustefna Háskólans á Bifröst, en hún var unnin af sviðsstjórum og aðstoðarrektor. Fjallað hefur verið um stefnuna á kennarafundi og í framkvæmdastjórn. Nemendur hafa einnig lesið hana yfir. Stefnan samþykkt.

#### 9. Sóknarsvið 2015

Rektor fer yfir helstu sóknarsvið innan skólans. Þjónustufræði er í vinnslu hjá viðskiptasviðinu. Í lögfræðinni er umræða í gangi um að þróa kennslu áfram, en ekki eru allir í kennarahópnum sáttir við að kenna í fjarnám. Þó líst þeim vel á að skólinn taki að sér kennslu í lögreglufræðum eins og verið er að skoða. Í félagsvísindadeild, er talað um „rebranding“ á HSS náminu, að kalla námið annars vegar stjórn málaheimspeki og hins vegar stjórn málahagfræði. Kanna þurfi hvernig þetta virkar, virðist erfitt að kynna HSS nægilega vel. Verið er að skoða nám í samskiptamiðlun. Á félagsvísindasviði eru tveir vinnuhópar í gangi. Í febrúar 2015 þarf allt að vera tilbúið, eða helst fyrr því það þarf að kynna nýjungar í kennslunni



með góðum fyrirvara. Í símenntun er verið að vinna að aukni framboði og bæta markaðssetningu. Verið er að heimsækja fyrirtæki og grunn- og framhaldsskóla á vegum skólans fram yfir áramót.

**10. Önnur mál**

Næsti fundur háskólaráðs verður þriðjudaginn 7. október kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.20